



## Þórarinn Þórarinsson frá Eiðum skrifar um kynni sín af Jóhannesi Kjarval

# KONA MEÐ BARN Á ARMI

Það mun hafa verið einhvern tíma á haustdögum 1961 að ég kom sem oftari til Reykjavíkur þeirra erinda að undirbúa skólastarf vetrarins sem fram undan var. Þá var það eitt sinn er ég nálgadist Lækjartorgið að ég sá tilsýndar hvar

Jóhannes Kjarval var á tali við mann á torginu. Því miður man ég ekki nú hver maðurinn var, sem gæti hafa komið sér betur með tilliti til þess, sem hér á eftir verður sagt um þessa endurfundi okkar Kjarvals.

Tæplega verður það sagt að meistariinn hafi verið uppabúinn þar sem hann stóð þarna á torginu, þó skar úr hattkúfurinn, sem hann hafði á höfðinu í það sinn. Vafalaust einn af hans elstu höttum; vel lúinn af handfjatli málarans og slútandi niður með eyrum og margveðraður.

Þegar Kjarval sér hvar ég kem og nálgast hann til að heilsa upp á hann, grípur hann til hattsins á höfðinu, stingur honum í vasa sinn og dregur upp úr öðrum vasa annan hatt, sem var mun betur á sig kominn en hinn fyrri og setur upp í skyndingu. Stóð það í járnum að hann var búinn að ganga frá hattinum og ég bjóst til að heilsa honum. Í stað þess að rétta mér hönd sína grípur hann til hattsins á höfðinu, sveiflar honum ofan

með miklum elegansa sem minnti á franska hofmenn fyrr á öldum og segir „þennan hatt nota ég til að heilsa með höfðingjum“.

Lesendum þessara orða ætli nú að vera ljóst hvers vegna mér er það bagalegt að geta ekki munað nafn mannsins, sem hjá okkur stóð svo hægt væri að leiða vitni að þessari kveðju meistarans, ef með þyrfti. Eftir að við höfðum svo heilsast á venjulegan hátt og Kjarval spurt ýmislegrs austan af Héraði; tók hann af mér loforð um að hitta sig á vinnustofu hans í Sigtúni, en þangað hafði ég aldrei komið.

Í bók sinni um Kjarval lýsir höfundur, Thor Vilhjálmsson, þessu nýja athafnasvæði meistarans, himnasalnum við Sigtún, eins og Kjarval kallaði þessa nýju vistarveru sína sem Ragnar Jónsson, vinur hans hafði útvegað honum. Þar sem sumt af því er Thor segir um „himnasalinn“, snertir þó óbeint sé heimssókn mína þangað, leyfi ég mér að birta hér orðrétt nokkuð af því hann segir þar, um salinn góða, en sleppi því úr sem ekki kemur við þeirri minningu sem rifjuð er hér upp.

„Og sviðsetningin í salnum vekur margar spurningar því í uppstillingu hlutanna liggur gjarnan fólgið viðhorf... Víða eru myndir af mönnum sem af einhverjum ástæðum hafa sótt á hugann, persónur úr viðburðum daganna eða gömul kynni... Á mörgum stöðum eru greinar úr dagblöðum veggfestar, ljóð. Stundum gæti flogið í hugann að myndirnar og dagblaðsnífsin væru til þess að summa upp dægurmál samfélagsins hverju sinni.“  
Frásögn Thors af vistarveru Kjarvals

þarna í Sigtúni er lengri þótt meira úr henni verði ekki tekið hér upp.

Þegar ég heimsótti Kjarval þarna í himnasalinn leit salurinn út eins og Thor lýsir honum; blaðagreinar og myndir upp um alla vegg, alveg eins og verið hafði á vinnustofu hans í Austurstræti en þangað kom ég nokkrum sinnum til hans, einkum man ég þar eftir myndum og greinum úr dagblöðum m.a. mynd af Guernica, hinni frægu mynd Picassos. Meistarinn tók mér hið besta, bauð uppá hangikjöt og harðfisk, koníak og jóla-köku. Nógu var af að taka, hvarvetna stóðu flöskustútar uppúr blómakörfum eða blómvöndum þar sem Kjarval var nýbúinn að eiga afmæli. En til skýringar á því sem eftir fer, er nauðsynlegt að gera hér lítinn stans og hverfa eilítið aftur í tímann.

Árið áður, nánar tiltekið í júní 1960, brann skólahúsið á Eiðum. Þar brann innbú mitt allt, þar á meðal allstórt bókasafn og allmargar myndir, m.a. eftir Kjarval. Hvort tveggja var áráttu á mér þá; að safna bókum og myndum eftir góða málara. Ég var í orlofi er þetta gerðist og vorum við hjónin búsett í Reykjavík um veturinn, rétt ókomin heim þegar brann.

Svo sem áður segir í þessum minningum höfðum við Kjarval verið góðkunningsar um árabíl og gisti hann oft hjá okkur og því kunnugur hvernig umhorfs var í stofum þeim er urðu eldinum að bráð.

Eftir brunann brá svo við að Kjarval var ófánlegur til að gista, þótt hann kæmi til okkar, sem var miklu sjaldnar en áður. Auðfundið var að hann tók út við að horfa á þá auðu veggj er komu í